



Umhverfis-, loftslags- og
loftslagsráðuneyti
Borgartúni 36
108 Reykjavík
Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 26. ágúst 2026

Efni: Umsögn Samtaka gagnavera um drög að þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, mál númer S-123/2026

Samtök gagnavera (e. Data Centers Iceland, hér eftir „DCI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, mál númer S-123/2026.

DCI fagna þeirri áherslu sem lögð er á hraðari og markvissari uppbyggingu flutningskerfis raforku. Takmörkuð flutningsgeta og óvissa um afhendingu raforku hafa bein áhrif á möguleika gagnavera til uppbyggingar og vaxtar. Flutningskostnaður og tengiskilmálar ráða jafnframt miklu um samkeppnishæfni Íslands þegar ákvörðun er tekin um staðsetningu nýrra gagnavera.

Samtökin taka undir áherslur í 3.–5. tl. A-hluta tillögunnar um hraðari málsmeðferð, aukið samráð, meiri flutnings- og afhendingargetu og betri samhæfingu við uppbyggingu orkuvinnslu og þróun raforkunotkunar. Skýra þarf þó betur á hvaða sjónarmiðum forgangsörðun framkvæmda eigi að byggjast og hvernig kostnaði við uppbygginguna verði skipt milli notenda.

Forgangsörðun og kostnaðarskipting

Forgangsörðun framkvæmda í flutningskerfinu þarf að byggjast á gagnsæjum og málefnalegum viðmiðum. Horfa ber til þeirrar verðmætasköpunar sem fyrirhuguð uppbygging styður, raunhæfis verkefnanna og undirbúnings. Einnig skiptir máli hvernig hver framkvæmd nýtist kerfinu í heild og hvaða áhrif hún hefur á flutningsgetu og afhendingaröryggi.

Framkvæmdir sem ráðist er í vegna tengingar við nýjan notanda eða aukinnar raforkuþörf vegna núverandi notanda ætti ekki að leiða sjálfkrafa til aukins kostnaðar fyrir aðra notendur. Það á þó ekki við ef framkvæmdin bætir jafnframt þjónustu eða flutningskerfið almennt. Kostnaður sem beinlínis má rekja til tengingar eða þjónustu við einn notanda ætti að jafnaði að falla á þann notanda. Öðru máli gegnir um styrkingar sem bæta kerfið í heild og nýtast stærri hópi. Við kostnaðarskiptingu verður því bæði að horfa til þess hver óskar eftir framkvæmdinni og hver nýtur ávinningsins af henni.

Mismunandi þarfir stórnotenda

Þótt gagnaver teljist til stórnotenda er þjónustuþörf þeirra ekki að öllu leyti sambærileg við þarfir annarra stórnotenda raforku. Gagnaver eru gjarnan byggð upp í áföngum og geta, eftir eðli starfseminnar og rekstrarfyrirkomulagi, búið yfir eigin varaafli eða boðið ákveðinn sveigjanleika í notkun. Þar getur meðal annars komið til skerðanleg afhending fyrir hluta álags.

DCI fagnar því að í 6. og 7. tl. ályktunarinnar sé gert ráð fyrir að tryggja megi fullnægjandi afhendingaröryggi með öðrum og hagkvæmari lausnum en fullri tvítengingu. Sú nálgun þarf einnig að endurspeglast í gjaldskrá og tengiskilmálum.



Notandi sem fær skerðanlega afhendingu eða þjónustu með minna afhendingaröryggi ætti ekki að greiða sama verð og notandi sem nýtur óskerðanlegrar afhendingar og meira öryggis. Að sama skapi er eðlilegt að sá sem óskar eftir auknu afhendingaröryggi greiði þann viðbótarkostnað sem því fylgir. Gjaldskrá og tengiskilmálar þurfa að taka mið af ólíkum þjónustustigum og þeirri þjónustu sem hverjum notanda er veitt. Valkostir um mismunandi þjónustustig þurfa að byggjast á hlutlægum viðmiðum og standa notendum til boða óháð þeirri starfsemi sem þeir stunda.

Gjaldskrá og tengiskilmálar

Í B-hluta tillögunnar er gert ráð fyrir greiningu á samkeppnishæfni raforkuflutnings og -dreifingar. Samtökin leggja til að greiningin taki einnig til þess hvort gjaldskrá flutningskerfisins endurspegli mismunandi þjónustu við notendur og hvernig kostnaði vegna tengingar nýrra notenda eða aukinnar raforkunotkunar þeirra sem fyrir eru er skipt milli viðkomandi notenda og annarra notenda kerfisins.

Þá verði skilmálar um frátekna flutningsgetu og greiðsluskyldu óháð raunverulegri nýtingu bornir saman við samsvarandi skilmála í þeim löndum sem keppa við Ísland um staðsetningu gagnavera.

Í 11. tl. A-hluta þingsályktunar nr. 26/148 kemur fram að við uppbyggingu flutningskerfisins skuli tryggja, eins og kostur er, hagkvæmt flutnings- og dreifiverð til allra raforkunotenda. Samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu fellur núgildandi þingsályktun úr gildi án þess að samsvarandi áhersla sé tekin upp í nýju stefnunni. Í greinargerðinni er brottfallið rökstutt með vísan til þess að Raforkueftirlitið hafi eftirlit með hagkvæmni uppbyggingar og reksturs flutningsfyrirtækisins.


Hagkvæmni er áfram meðal markmiða raforkulaga og Raforkueftirlitið hefur eftirlit með gjaldskrá og rekstri. Þrátt fyrir það telja samtökin mikilvægt að hagkvæmur flutningskostnaður verði áfram skýrt markmið stefnunnar. Ákvarðanir um forgangsröðun, umfang og útfærslu framkvæmda hafa áhrif á gjaldskrá flutningskerfisins og þar með samkeppnishæfni þeirra fyrirtækja sem nýta kerfið.

Lokaorð

DCI styðja markmið tillögunnar um aukna flutningsgetu, bætt afhendingaröryggi og hraðari uppbyggingu flutningskerfisins. Til að þeim markmiðum verði náð án þess að veikja samkeppnisstöðu núverandi notenda þarf að tryggja gagnsæja forgangsröðun framkvæmda og sanngjarna kostnaðarskiptingu. Gjaldskráin þarf jafnframt að endurspeglar þá þjónustu sem hver notandi fær.

Næg flutningsgeta, traust afhendingaröryggi og fyrirsjáanlegir og samkeppnishæfir skilmálar um tengingu og flutning raforku eru lykilforsendur áframhaldandi uppbyggingar gagnavera á Íslandi.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka gagnavera, Data Centers Iceland


Gunnar Sigurðarson,
Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði Samtaka iðnaðarins